

Skinney Þinganes hf
Krossey
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 7. janúar 2014
Tilvísun: UST20131100178/gsá

Áætlun um úrbætur móttækin - frestur veittur


Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu, dagsett 21. nóvember 2013 þar sem fjallað er um tvö frávik frá starfsleyfi sem komu fram við reglubundið eftirlit með fiskimjölsverksmiðju **Skinney-Þinganes hf.**, þann 7. nóvember sl. Frávikin varða ófullnægjandi lekavarnarþró umhverfis lýsisgeyma og að fita í fráveituvatni frá fitugildru er yfir þeim mörkum sem heimiluð eru í starfsleyfi.

Þann 19. desember 2013 barst stofnuninni áætlun um úrbætur frá rekstraraðila. Þar kemur fram að unnið hefur verið að nauðsynlegum breytingum á lögnum frá verksmiðjunni og að lýsisgeymunum og að nýr stigi hefur verið settur upp á geymana. Lýsisgeymir sem á að fjarlægja hefur verið tæmdur og hreinsaður og er tilbúinn til flutnings. Óskað er eftir framlengingu frests til að ljúka aðgerðum við frágang lekaþróarinnar sem áður hafði verið gefinn til 1. nóvember 2013, til 30. júní 2014.

Í úrbótaáætluninni kemur einnig fram að fitugildra hafi verið tæmd og virkni skoðuð. Nýtt sýni verður tekið til greiningar úr frárennsli í febrúar 2014.

Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun og veitir rekstraraðila frest til 30. júní 2014 til að ljúka við frágang lekaþróar og til 15. mars 2014 til að skila inn nýjum niðurstöðum mælinga úr frárennsli.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri



Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur